

HÚSÖNDIN

80.tbl. 2.árg. 25.september 2019	Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir	sími: 8492804
-------------------------------------	---	------------------

AFMÆLISBÖRN DAGANA 26.SEPTEMBER- 2.OKTÓBER

- 26.9 Anton Freyr Birgisson
27.9 Hólfríður Ásdís Illugadóttir, Kristveig Halla Guðmundsdóttir
30.9 Weronika Anna Rucinska
2.10 Jóhann Böðvarsson



Tilnefningar óskast til Umhverfisverðlauna 2019 - Framlengdur frestur



Kæru sveitungar. Nú er komið að því að auglýsa eftir tilnefningum fyrir Umhverfisverðlaunin 2019. Óskað er eftir tilnefningum um einstaklinga, fyrirtæki, lögbýli eða stofnun sem eru til fyrirmyndar í umhirðu og umgengni síns nærumhverfis.

Biðjum við ykkur að horfa í kringum ykkur og senda til okkar tilnefningar með rökstuðningi af hverju viðkomandi hljóti viðurkenningu.

Tilnefningar skal senda á **hannakata@vjp.is** eða skila inn á **hreppskrifstofu fyrir 10. október n.k.** (athugið framlengdur frestur).

**Umhverfisverðlaun 2019 verða afhent á slægjufundi
26. október n.k.**

Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps



Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum – Ókeypis rútuferð laugardaginn 28. september –

Skútustaðahreppur býður áfram upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð verður laugardaginn 28. september. maí n.k.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu **kl. 10.30 (athugið breyttan tíma)** laugardaginn 28. september n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn. Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 46 46 660 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar:

https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf

Næstu ferðir:

- 26. október • 23. nóvember • 14. desember

Sumaropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

Mánud. - fimmtud. - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30

Föstud. - 07:30 til 09:30

Laugard. - 11:00 til 17:00

Sunnud. - 11:00 til 17:00

Athugið:

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Starfsmaður óskast hjá Þjónustumiðstöð Skútustaðahrepps



Áhaldahús sveitarfélagsins er þjónustumiðstöð þess og sinnir fjölbreyttum verkefnum, s. s. viðhaldi á götum og gangstéttum, frárennsliskerfi, hitaveitu, gámasvæði og ýmiskonar uppbyggingu ásamt snjómokstri.

Skútustaðahreppur óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumiðstöð. Um er að ræða 100% starf.

Starfssvið:

- Vinna við umhirðu og viðhald eigna sveitarfélagsins
- Vinna við viðhald veitna, gatna, snjómokstur, sláttur, gámasvæði ofl. störf sem þjónustumiðstöð sinnir
- Bakvaktir vegna veitna og snjómoksturs

Menntun og hæfni:

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Ökuréttindi er skilyrði, vinnuvélaréttindi er kostur
- Gerð er krafa um frumkvæði, drifkraft, snyrtimennsku, skipulögð og fagleg vinnubrögð, getu til að vinna sjálfstætt ásamt hæfni í mannlegum samskiptum. Sveigjanleiki varðandi vinnutíma er nauðsynlegur t.d þegar kemur að snjómokstri, gámasvæði og tilfallandi útköllum.

Umsóknarfrestur er til og með 7. október 2019.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi stéttarfélaganna við Samband íslenskra sveitarfélaga. Umsóknum ásamt ferilskrá skal skila á skrifstofu Skútustaðahrepps eða sent rafrænt á

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is

Eyðublöð vegna atvinnuumsóknar má nálgast hér

Upplýsingar um starfið veitir:

Lárus Björnsson í síma 862 4163 eða **larus@skutustadahreppur.is**.

Slysavarnadeildin Hringur



Hausfundur verður haldinn fimmtudaginn 3.október kl.20:00
í húsi deildarinnar að Múlavegi 2.

Nýjir félagar velkomnir.
Kaffiveitingar í boði.

Stjórnin

Gong slökun

Gongslökun er ævaforð leið til að öðlast hugarró og endurnæringu.
Hljómarnir hafa heilandi áhrif á taugakerfið og vitundina og fylgja
hlustanda í hlutlaust rými handan hugsana.

Hvenær: Mánudaginn 30.sept kl20
Kennari: Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir
jógakennari
Staður: Skjólbrekka
Verð: 2500kr.

Skráning á ditta@hac.is, hac@hac.is
eða í síma 464-5100 og 464-5130 fyrir föstudaginn 27.september



Þekkingarnet
Þingeyinga



ÁRLEG INFLÚENSUBÓLUSETNING!

Bólusettt er á heilsugæslustöðinni í Reykjahlíð þriðjudaginn 2. október á milli kl. 10-12 og 13-15

Tímamantanir óþarfar á þessum tíma
En ef fyrirtæki ætla að bjóða starfsfólki sínu upp á bólusetningu,
þá vinsamlega látið vita af því fyrir fram til okkar

Ef fólk kemst ekki á þessum degi þá endilega pantið í síma 464 0660

Við bólusetninguna eru notuð þrígild bóluefni gegn influensu A og B
sem hafa verið framleidd fyrir veturinn 2019-2020 samkvæmt
ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Eftirtaldir áhættuhópar njóta forgangs:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Þungaðar konur.

Að gefnu tilefni er minnt á að einstaklinga má bólusetja jafnvel þó
inflúensufaraldur sé hafinn því einungis tekur um 1-2 vikur að mynda
verndandi mótefni eftir bólusetningu.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Reykjahlíð

Frá Velferðasjóði Þingeyinga

Lífið er margslungið og best þegar allt leikur í lyndi, sólin skín og allir eru frískir. Ekki er þó alltaf svo og þá þarf að bregðast við. Hjálpa meðbræðrum okkar og systur, sem eru í vandræðum. Í desember 2008 var Velferðasjóður Þingeyinga stofnaður til að styðja við bakið á fjölskyldum og einstaklingum, sem átti um sárt að binda á starfsvæði Félagsþjónustu Norðurþings. Þar voru Þingeyjarsýslurnar báðar undir. Öll störf fyrir sjóðinn eru unnin launalaust. Velferðasjóðurinn er líknarsjóður og getur hver sem er stutt sjóðinn með framlögum. Sjóðurinn er alfarið fjármagnaður með frjálsum framlögum. Núna er farið að grynna í sjóðnum og því leitum við til ykkar áður en allt verður uppurið. Það fer svona um milljón á ári til styrkveitinga svo við sem höfum með sjóðinn að gera þurfum að vera vakandi til að halda honum lifandi svo að hann geti áfram rækt hlutverk sitt. Við biðjum ykkur að bregðast vel við og láta rakna fé til sjóðsins.

Sjóðurinn er með bankareikning nr. 1110-05-402610 og kennitalan er 600410-0670

Með fyrirfram þökk og við í stjórn sjóðsins þökkum fyrir stuðninginn!
sr. Örnólfur á Skútustöðum í Mývatnssveit (formaður sjóðsins.)

Viðburðadagatal Mývatnssveitar í september

25. sept. kl. 18.00 – Lýðheilsuganga - Fagraneshringur

26. sept. kl 20.00 - Menningarspjall I

29. sept. kl. 17.00 - „8848 ástæður til þess að gefast upp“

30.sept. kl.20.00 - Gong slökun

Sjá nánar í viðburðadagatali á www.skutustadahreppur.is og www.visitmyvatn.is

Frír profutími
(ef þú hefur ekki komið áður)

Valērija Kiškurno
Zumba leiðbeinandi 8634436

Ingibjörg Helga Jónsdóttir
Zumba leiðbeinandi 8219404

Zumba

1.okt - 30.nóv



ZUMBA

Þri. og fim kl.16:30

Lau. 10:00 (5.okt, 2., 16., 30.nóv)

Allt námskeiðið: 22.000,-

10 skipti: 12.000,-

1 skipti: 1.500,-

ÍMS - Íþróttamiðstöðin
660 Mývatn

Skráning á ingibjorghj@gmail.com



ICELANDIC COURSES MYVATN AUTUM 2019

Would you like to learn Icelandic?

For all Icelandic courses please sign up via email ditta@hac.is

If you have any questions regarding learning Icelandic in the area please write to ditta@hac.is or call 464-5130

We will start teaching as soon as we have enough students!

We will probably be teaching Fridays, Sundays/Mondays, two hours each class in the afternoon. We will be in Skjólbrekka and our teacher is Sólveig Jónsdóttir. We need at least 10 students to be able to start. The price is 22.500kr. Your labour union might cover 75% of the cost. Please check with your union.

ÍSLENSKUTÍMAR Í MÝVATNSSVEIT HAUSTÖNN 2019

Langar þig að læra íslensku?

Skráning á öll íslenskunámskeið á netfangið ditta@hac.is

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi íslenskunám á svæðinu vinsamlega hafðu samband á netfangið ditta@hac.is eða í síma 464-5130

Kennsla hefst þegar nauðsynlegum fjölda nemenda er náð

Við miðum við að kennslan verði á föstudögum og mánudögum/sunnudögum, seinnipartinn, tvo tíma í senn. Við verðum í Skjólbrekku og kennarinn er Sólveig Jónsdóttir. Í hverjum hóp þarf amk 10 nemendur. Námskeiðið kostar 22.500kr. Verkalýðsfélög styrkja félgasmenn sína um allt að 75% af kostnaði. Athugaðu málið hjá verkalýðfélaginu þínu.